

Kviðskilun – vökvajafnvægi

Helstu einkenni vökvaójafnvægis í líkamanum eru:

Of mikill vökvi	Of lítill vökvi
Bjúgur, sést venjulega sem þroti í kringum augu, þrútnir ökkjar, fætur eða hendur. Hringir eða skór verða oft of þröngir. Þyngd meiri en þurrþyngd.	Léttari en þurrþyngd, sérstaklega ef um skyndilega breytingu er að ræða.
Hækkaður blóðþrýstingur. Meira en 20-30 mmHg yfir venjulegan blóðþrýsting eða ef neðri mörkin fara upp yfir 90 mmHg.	Lækkaður blóðþrýstingur eða svimi þegar staðið er upp.
Pungt fyrir brjósti. Langvarandi hóstakjöltur. Þarf að sofa hálf sitjandi.	Slappleiki og slen, ógleði og uppköst, sinadráttur.

Kviðskilun – vökvajafnvægi

- Sértu of létt(ur) á að nota eingöngu 1,5% (gula) skilvökva. Ef einnig eru til staðar einkenni svo sem svimi eða lækkaður blóðþrýstingur á að auka vökva inntekt.
- Sé um þyngdaraukningu að ræða á að nota meira af 2,3% (græna) og 4,25% (rauða) skilvökvanum þangað til þurrþyngd hefur verið náð. Ekki er æskilegt að nota 4,25% skilvökvann að staðaldri þar sem hann ertir lífhimnuna og getur með stöðugri notkun eyðilagt skilunarhæfileika hennar.